



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Upphaf vinnu við fjárhagsáætlun 2022 til 2025

Dags: 25.05.2021

Málsnúmer: 202105196

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Á síðustu árum hefur fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar sannað sig sem öflugt stjórnæki við fjármálastjórn bæjarins. Það verkferli sem stuðst hefur verið við hefur skilað árangri og skerpt á ábyrgð forstöðumanna og framkvæmdastjóra með rekstri sinna deilda. Í ljósi þess er lagt til að ferill við vinnu fjárhagsáætlunar verði með álíka hætti og síðastliðin ár og aftur byggt á þeim markmiðum sem sett voru fram í 3ja ára áætlun. Áætlunargerðin mun byggja, nú sem fyrr, á þeirri mikilvægu reynslu og þekkingu sem forstöðumenn hafa á rekstri sinna stofnana.

Fjárhagsleg áhrif COVID-19 munu setja svip sinn á fjárhagsáætlun ársins 2022 og er ljóst að áfram þarf grípa til ýmissa aðgerða til að bregðast við neikvæðum áhrifum faraldursins á rekstur Mosfellsbæjar. Til að byrja með er þó lagt upp með að forstöðumenn geri drög að fjárhagsáætlun í samráði við framkvæmdastjóra miðað við eftirfarandi meginlínur:

- Fjárhagsáætlun ársins 2022 miðar við óbreytt þjónustustig frá því sem er seinni hluta þessa árs. Lögð er áhersla á að forstöðumenn og framkvæmdastjórar leggi ekki til fjölgun stöðugilda né fjármögnun nýrra verkefna eða aukinnar þjónustu nema með sérstöku samþykki bæjarstjóra og fjármálastjóra.
- Áætlun launa miðar við gildandi kjarasamninga, áætlun annars kostnaðar við spár um breytingu verðlags og gildandi samninga.
- Fyrstu drög að fjárhagsáætlun skulu miða við gildandi gjaldskrár og óbreytta innri húsaleigu.

Samhliða því sem forstöðumenn og framkvæmdastjórar vinna fjárhagsáætlun mun fjármáladeild áætla skatttekjur, fjármagnsliði og verðlagsbreytingar. Að því loknu mun fjármáladeild spá fyrir um niðurstöðu fjárhagsáætlunar 2022 og meta hvort hún sé í takt við markmið sem sett voru fram í 3ja ára áætlun og rúmist innan viðmiða sveitarstjórnarlaga um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Í framhaldi af því mun bæjarráð geta metið þörf fyrir frekari hagræðingu, breytingar á þjónustustigi og gjaldskrár.

Drög að dagskrá vinnu við fjárhagsáætlun 2022 og næstu 3 ár þar á eftir:

Júní - ágúst	Forstöðumenn vinna fjárhagsáætlun undir stjórn framkvæmdastjóra
Frá miðjum september	Bæjarráð fjallar um einstaka liði fjárhagsáætlunar
28. október	Bæjarráð leggur drög að fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn
Lok október	Vinnufundur um fjárhagsáætlun
10. nóvember	Fyrri umræða um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn
24. nóvember	Bæjarstjórn tekur ákvörðun um útsvar 2022
8. desember	Seinni umræða um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn

Virðingarfyllt,

Pétur J. Lockton
fjármálastjóri

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri



Úr sveitarstjórnarlögum nr. 138 / 2011

■ 62. gr. *Fjárhagsáætlanir.*

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta skv. 60. gr. Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til, sbr. nánari fyrirmæli í 63. gr.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember. Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.

Tillögum skv. 3. mgr. skulu fylgja upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á. Tillögunum skal fylgja lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.

■ 63. gr. *Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.